

RÍKISENDURSKOÐUN

Lögreglustjórinn á Vesturlandi

Endurskoðun 2020

Endurskoðunarskýrsla

Desember 2021

Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings hjá embætti Lögreglustjórans á Vesturlandi fyrir árið 2020.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi embættisins og öðrum upplýsingum stjórnenda. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur embættisins eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðunandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.

Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.

Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.


Endurskoðun ársreiknings embættis Lögreglustjórans á Vesturlandi var síðast framkvæmd árið 2016 fyrir árið 2015.

Efnisyfirlit


Inngangur	2
1 Lykiltölur úr rekstri ársins 2020.....	4
2 Ábendingar og athugasemdir	5
3 Viðbrögð við ábendingum og athugasemdum	6
3.1 Viðbrögð embættis.....	6
4 Áhættumat og mikilvægi.....	7
5 Fjárveiting og rekstur	8
5.1 Fjárveitingar	8
5.2 Rekstraráætlun.....	8
5.3 Niðurstöður/ábendingar.....	9
6 Innra eftirlit	10
6.1 Inngangur	10
6.2 Umfjöllun	10
6.3 Niðurstöður/ábendingar	11
7 Fylgni við lög og reglur	12
7.1 Inngangur	12
7.2 Umfjöllun	12
7.3 Niðurstöður/ábendingar	13
8 Endurskoðun rekstrarliða.....	14

8.1 Rekstrartekjur	14
8.2 Launakostnaður	14
8.3 Önnur rekstrargjöld	14
8.4 Niðurstöður	15
9 Endurskoðun efnahagsliða	16
9.1 Eignir	16
9.2 Eigið fé og skuldir	16
9.3 Niðurstöður/ábendingar.....	17
10 Önnur atriði	18
10.1 Ársreikningur og staðfestingarbréf stjórnenda.....	18
10.2 Óhæðisyfirlýsing.....	18

1 Lykiltölur úr rekstri ársins 2020



Eigið fé í lok árs



2 Ábendingar og athugasemdir

Vakin er athygli á eftirfarandi ábendingum og athugasemdum en smávægilegum ábendingum var komið beint á framfæri við stjórnendur þegar endurskoðunarvinna fór fram.

1

Bílaleigubifreiðar. Gerð er athugasemd við að ekki hefur verið leitað eftir samþykki bílanefndar fyrir langtíma rekstrarleigu lögreglubifreiða embættisins eins og 4. gr. reglugerðar nr. 1281/2014 kveður á um.

2

Innkaupakort. Fella þarf niður innkaupakort þeirra starfsmanna sem eru hættir og loka þeim kortum sem ekki eru í notkun. Æskilegt er að embættið sé með skriflegar reglur um notkun innkaupakorta og samþykki undirliggjandi reikninga.

3

Innra eftirlit. Skjalfesta þarf verklagsreglur verkferla sem lúta að fjármálum og rekstri.

3 Viðbrögð við ábendingum og athugasemdum

3.1 Viðbrögð embættis

Eftirfarandi viðbrögð bárust frá lögreglustjóranum á Vesturlandi vegna ábendinga og athugasemda sem gerðar voru vegna endurskoðunar 2020, sjá niðurstöður í kafla 2 og aðrar ábendingar í skýrslunni.

1. Bílaleigubifreiðar

„Varðandi samþykki bílanefndar fyrir langtíma rekstrarleigu og kaupum á bifreiðum, þá er núverandi lögreglustjóri ekki kunnugt um þetta atriði fyrir það tímamark. Eftir þann tíma hefur þessa atriðis verið gætt og mun þessi ábending Ríkisendurskoðunar verða virt framvegis.“

2. Innkaupakort

Búið er að loka innkaupakortum sem ekki eru í notkun samkvæmt gögnum sem bárust frá embættinu.

3. Innra eftirlit

„Skjalfesting verklagsreglna og verkferla sem lúta að fjármálum og rekstri mun fara fram innan ársins, lögreglustjóri ásamt skrifstofufólki og yfirlögregluþjónum mun ganga í það verk.“

4. Aðrar ábendingar

„Við munum á þessu ári skoða að setja samþykktarreglur um reikninga og fela ákveðnum starfsmönnum samþykkt ákveðinna tegunda af reikningum, t.d. húsnæði, bifreiða og þess háttar, þannig að tveir starfsmenn samþykki reikninga vegna stærstu útgjaldaliða embættisins.“

„Varðandi innkaup og þjónustu þá tekur lögreglustjóri heilshugar undir þá mikilvægu ábendingu. Samskonar markmið er að finna í aðgerðaráætlun embættisins vegna loftslagsmála. Markmið lögreglustjóra eru á að rekstrarárinu verði öll innkaup embættisins færð undir ábyrgð eins starfsmanns sem jafnt mun gæta að hagræði, rammisamningum og umhverfismálefnum við innkaup á vörum. Má jafnframt nefna að innfærslu talna í grænt bókhald er miklum erfiðleikum bundið séu innkaup ekki miðlæg að mestu leyti.“

„Varðandi eignaskrá þá er sú ábending tekin gild og er yfirlögregluþjónn embættisins þegar byrjaður á yfirferð yfir eignaskrá, ætlun lögreglustjóra er að koma á fastari ferlum varðandi eignaskrána með sérstökum starfsmanni sem jafnframt annast innkaup.“

4 Áhættumat og mikilvægi

Mat á áhættu og mikilvægi eru grundvallarþættir sem horft er til við skipulagningu og framkvæmd endurskoðunar. Þetta merkir að sjónum er sérstaklega beint að áhættusömum og verulegum liðum í reikningsskilunum. Leitast er við að skipuleggja endurskoðunina með skilvirkni í huga, liður í því er að taka mið af eftirlitsumhverfi **embættisins** eins og kostur er. Lögð er áhersla á að yfirfara ferla í tengslum við gerð reikningsskilanna og verulega liði innan þeirra. Markmiðið með þessari yfirferð er meðal annars að afla upplýsinga um eftirlitsaðgerðir stjórnenda og að kanna virkni þeirra.

Eftirfarandi eru þeir liðir hjá embættinu sem voru taldir skipta mestu máli vegna endurskoðunarvinnu á árinu:



Við skipulagningu endurskoðunar voru mikilvægismörk ákvörðuð sem 2% af heildargjöldum ársins, eða 16 milljónir króna. Með mikilvægismörkum er átt við hámark þeirrar fjármunalegu skekkju sem ekki er talin hafa áhrif á

upplýstan **lesanda** reikningsskilanna. Mikilvægismörk eru því einn af grunnþáttum endurskoðunar og marka meðal annars umfang þeirra endurskoðunargagna sem aflað er. Eftir sem áður er öllum skekkjum, sem finnast og máli skipta, komið á framfæri við stjórnendur

Við mat á áhættu og mikilvægi einstakra fjárlagaliða og stofnana eru jafnframt ákveðnir þættir hafðir til hliðsjónar m.a. eðli og umfang fjárlagaliðar eða stofnunar, fyrri athugasemda og fyrirkomulag bókhalds hjá stofnun.

5 Fjárveiting og rekstur

5.1 Fjárveitingar

5.1.1 Fjárveiting – heimild til rekstrar

Fjárveiting til embættisins vegna rekstrar samkvæmt fylgiriti fjárlaga fyrir árið 2020 nam 747,3 m.kr. sem skiptist þannig að 20,1 m.kr. voru fjármagnaðar með rekstrartekjum og 727,2 m.kr. með beinu framlagi úr ríkissjóði. Fjárveitingar voru lækkaðar um 0,4 m.kr. í fjárukalögum vegna lækkunar á ferðakostnaði í Covid19 og tekjufærsla frestaðra tekna vegna afskrifta nam 16,4 m.kr. Einnig voru fjárveitingar lækkaðar um 15 m.kr. í millifærslu vegna hagræðingarkröfu. Endanlegar fjárveitingar vegna rekstrar 2020 námu því 748,3 m.kr., 20,1 m.kr. fjármagnaðar með tekjum og 728,2 m.kr. með beinu framlagi úr ríkissjóði.

Tafla 1 Samanburður á fjárveitingum og rekstri 2020

Í þús. kr.	Fjárveiting 2020	Rekstur 2020	Frávik 2020	Rekstur 2019
Rekstrartekjur	-20.100	-23.323	3.223	-17.769
Launagjöld	613.300	638.310	-25.010	545.621
Önnur rekstrargjöld	118.600	141.729	-23.129	172.689
Afskriftir	16.370	16.370	0	8.145
Aðrar tilfærslur	0	41	-41	79
Samtals	728.170	773.127	-44.957	708.765

Afkoma ársins hjá embættinu var neikvæð um 45,0 m.kr. á árinu. Laun og önnur rekstrargjöld voru hærri en gert var ráð fyrir í áætlunum. Eigið fé var neikvætt í árslok um 8,8 m.kr. Í svörum frá embættinu kom fram að rekstrarhallann megí einkum skýra með því að kjarasamningar sem voru afturvirkir hafi ekki fengist bættir.

5.1.2 Fjárveiting – heimild til fjárfestingar

Embættið fékk 6,9 m.kr. heimild til fjárfestingar eins og fram kemur í fylgiriti með fjárlögum 2020. Þessu til viðbótar kemur 2,3 m.kr. söluhagnaður skv. ársreikningi. Staða ónotaðs fjárfestingarframlags í upphafi árs var jákvæð um 3,5 m.kr. og fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum nam 14 m.kr. á árinu 2020. Staða ónotaðs fjárfestingarframlags var því neikvæð um 1,2 m.kr. í árslok 2020.

5.2 Rekstraráætlun

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vandað sé til við gerð rekstraráætlunar og hún sé skráð í fjárhagskerfið og reglulega fylgst með því hvort gjöld og tekjur séu í samræmi við áætlun ársins. Rekstraráætlun fyrir árið 2020 var gerð og skilað samkvæmt upplýsingum embættisins en ekki færð inn í Orra. Úr þessu hefur verið bætt vegna ársins 2021. Ekki var gerð sundurliðuð áætlun fyrir fjárfestingar ársins 2020.

5.3 Niðurstöður/ábendingar

Helstu niðurstöður könnunar í sambandi við fjárveitingar er eftirfarandi:

Afkoma ársins hjá embættinu var neikvæð um 45,0 m.kr. á árinu. Laun og önnur rekstrargjöld voru hærri en gert var ráð fyrir í áætlunum. Eigið fé var neikvætt í árslok um 8,8 m.kr. Ráðstafað var 1,2 m.kr. umfram fjárveitingu til fjárfestinga í árslok 2020.

Rekstraráætlun ársins 2020 var ekki færð inn í fjárhagskerfi ríkisins, Orra en úr því hefur verið bætt á árinu 2021.

6 Innra eftirlit

6.1 Inngangur

Lögreglustjórinn á Vesturlandi ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.

6.2 Umfjöllun

Umdæmi lögreglustjóraembættisins nær frá Hvalfjarðarbotni til Gilsfjarðar og inná miðjan Langjökul. Alls eru sex lögreglustöðvar á svæðinu þ.e. aðalstöð lögreglustjóra í Borgarnesi, Snæfellsbæ (Ólafsvík), Grundarfirði, Stykkishólmi, á Akranesi og í Búðardal. Rannsóknardeild er á Akranesi.

Greining og mat á innra eftirliti leiddi í ljós ýmsa þætti sem stuðla að virku innra eftirliti hjá embættinu. Skipurit er til staðar. Fram kom að skriflegar verklagsreglur eða lýsingar á innra eftirliti liggja ekki fyrir. Sama er að segja um skriflegt áhættumat varðandi fjármál og rekstur.

Embættið er með skipurit og til staðar eru siðareglur lögreglumanna sem gilda fyrir öll lögregluembætti. Mannauðsstefna endurspeglast í jafnlaunastefnu sem til staðar. Unnið hefur verið að innleiðingu jafnlaunavottunar og áætlað var að því verki lyki á árinu 2021.

Lagt er til að helstu verkferlar sem snúa að fjármálum og rekstri verði skjalfestir og að ábyrgðasvið tengd fjármálum verði skilgreind.

Lögreglustjóri fylgist er með afkomu rekstrar innan ársins. Þó voru ekki forsendur til að gera mánaðarlegan samanburð á milli rauntalna og áætlana í sambandi við reksturinn árið 2020 þar sem rekstraráætlun var ekki færð inn í Orra fyrir það ár eins og fram kom í kaflanum hér á undan.

Embættið er alfarið í greiðslu- og bókhaldsþjónustu og launaþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins. Fjársýslan sér um að greiða alla reikninga og embættið er ekki með neina bankareikninga. Þó eru innkaupakort notuð til að greiða minni háttar útlagðan kostnað (sjá nánar í kafla 7).

Flestir reikningar sem berast eru rafrænir. Skoðun gagna leiddi í ljós að sömu starfsmenn á skrifstofu samþykkja flesta rafræna reikninga. Lagt er til að settar séu formlegar reglur um hverjir megi samþykkja reikninga þannig að lágmarki sé þess krafist að tveir aðilar að þurfi að samþykkja reikninga. Langflestir reikningar eru rafrænir. Komið hafa fram hnökrar þ.e. formerktir reikningar hafa verið skráðir á embættið en tilheyra öðrum embættum.

Reikningar vegna tekna eru gefnir út af Fjársýslu ríkisins að beiðni embættisins. Ekki er mikið um útgáfu reikninga vegna tekna.

Kerfið Vinnustund er notað fyrir tímaskráningu starfsmanna. Yfirmenn vakta og deilda samþykkja tímafærslur og yfirvinnu. Yfirlögregluþjónn eða staðgengill hans yfirfara og samþykkja launakeyrslu mánaðarins. Skráning starfsmannaupplýsinga og skráning launa er hjá Fjársýslu ríkisins en frumrit

ráðningasamninga og önnur starfsmannagögn eru geymd í læstri skjalageymslu hjá embættinu.

6.3 Niðurstöður/ábendingar

Ýmsir þættir hjá embættinu stuðla að virku innra eftirliti í sambandi við fjármálin. Gera má úrbætur á eftirtöldum atriðum:

Skjalfesta þarf verlagsreglur og verkferla sem lúta að fjármálum og rekstri.

Lagt er til að settar séu reglur um að tveir aðilar þurfi að samþykkja reikninga

7 Fylgni við lög og reglur

7.1 Inngangur

Við fjárhagsendurskoðun ber að kanna hvort rekstur embættisins hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirhugi, samninga þar sem það á við. Fjallað er sérstaklega um fjárheimildir og rekstraráætlun í kafla 5.

Lögregluembættið starfar samkvæmt lögreglulögum nr. 90/1996.

7.2 Umfjöllun

7.2.1 Ferðakostnaður og risna

Ferðakostnaður innanlands var óverulegur á árinu og engir dagpeningar eða fargjöld voru greidd eða gjaldfærð vegna ferða erlendis.

Engin bókfærð risna var á árinu 2020.

7.2.2 Opinber innkaup

Innkaup byggjast að verulegu leyti á rammasamningum. Innkaup á sérhæfðri vöru og þjónustu eru oft utan rammasamninga. Ríkisendurskoðun telur eðlilegt að þessi kaup verði tekin til frekari skoðunar með það að markmiði að ná aukinni hagræðingu í rekstri embættisins og er sérstaklega vísað til reglugerðar nr. 325/2021 um starfsemi, hlutverk og ábyrgð embættis Ríkislögreglustjóra í því sambandi.

Í 14. gr. reglugerðarinnar segir:

„Ríkislögreglustjóri samræmir innkaup og langtímaleigu lögregluembættanna á ökutækjum, sérhæfðum búnaði vegna verkefna lögreglu og einkennisfatnaði lögreglu.

Á vettvangi lögregluráðs skal árlega farið yfir fyrirhuguð innkaup lögregluembættanna vegna næsta rekstrarárs, þannig að innkaup geti farið fram sameiginlega fyrir lögregluembættin í þeim tilgangi að auka hagkvæmni og hagræði í rekstri embættanna. Farið fyrirhuguð innkaup yfir viðmiðunarfjárhæð útboðsskyldu samkvæmt lögum um opinber innkaup, skulu lögreglustjórar upplýsa önnur lögregluembætti og gefa þeim kost á að taka þátt í útboðinu. Á vettvangi lögregluráðs er einnig hægt að óska þess að ríkislögreglustjóri annist útboðið.

Áformi lögreglustjóra að kaupa sérhæfðan búnað vegna verkefna lögreglu fyrir sitt embætti, þá skal hann upplýsa ríkislögreglustjóra.“

7.2.3 Innkaupakort

Á bankalista yfir innkaupakortin voru 14 kort þar af voru fimm kort sem ekki voru í gildi. Fella þarf niður innkaupakort þeirra starfsmanna sem eru hættir og loka þeim kortum sem ekki eru í notkun.

Æskilegt er að embættið sé með skriflegar reglur um notkun innkaupakorta. Viðskipti með innkaupakort voru ekki mikil á árinu.

7.2.4 Bílaleigubílar

Embættið var með 10 bíla á leigu (í langtímaleigu) á árunum 2019 og 2020. Um var að ræða rekstrarleigusamninga. Skipt var eingöngu við einn leigusala sem þá var innan rammamanns. Algengur leigutími var tvö til þrjú ár. Leigugjöldin á árinu 2020 námu 20,0 m.kr.

Samkvæmt 4. gr. reglugerðar nr. 1281/2014 um bifreiðamál ríkisins skulu kaup eða rekstrarleiga á bifreiðum eiga sér stað að fengnu samþykki bílanefndar fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Að öllu jöfnu eiga Ríkiskaup að kaupa bifreiðar og afla rekstrarleigubifreiða að undangengnu útboði.

Fyrir liggur að ekki hefur verið aflað samþykkis bílanefndar fyrir rekstrarleigu lögreglubifreiða embættisins.

7.3 Niðurstöður/ábendingar

Helstu niðurstöður könnunar á fylgni eru eftirfarandi:

Fella þarf niður innkaupakort þeirra starfsmanna sem eru hættir og loka þeim kortum sem ekki eru í notkun. Æskilegt er að embættið sé með skriflegar reglur um notkun innkaupakorta og samþykki undirliggjandi reikninga.

Gerð er athugasemd við að ekki hefur verið leitað eftir samþykki bílanefndar fyrir langtíma rekstrarleigu lögreglubifreiða embættisins eins og 4. gr. reglugerð nr. 1281/2014 kveður á um.

Ríkisendurskoðun telur eðlilegt að innkaup sérhæfðar vöru og þjónustu sem oft eru utan rammamanns verði tekin til frekari skoðunar með það að markmiði að ná aukinni hagræðingu í rekstri embættisins og er sérstaklega vísað til reglugerðar nr. 325/2021 um starfsemi, hlutverk og ábyrgð embættis Ríkislögreglustjóra í því sambandi.

8 Endurskoðun rekstrarliða

Rekstrarafkoman var neikvæð um 45,0 m.kr. eins og fram kom hér að framan í kafla 5.

8.1 Rekstrartekjur

Rekstrartekjur embættisins eru ekki hlutfallslega stór liður. Stærstu tekjurnar eru 15 m.kr. framlag Vegagerðar ríkisins til að mæta kostnaði við eftirlitsmyndavélar sem nægir ekki fyrir kostnaði að mati embættisins og 6 m.kr. framlög sveitarfélaga á Vesturlandi til að mæta kostnaði vegna Almannavarna.

Innheimta sektagreiðslna fer fram í gegnum TBR kerfið og renna tekjur vegna slíkra greiðslna beint í ríkissjóð. Innheimta sektargreiðslna var ekki sérstaklega skoðuð í þessari endurskoðun.

8.2 Launakostnaður

Gagnaskoðun launa byggðist á úrtakskönnun og fyrirspurnum. Launakostnaður án starfsmannakostnaðar nam 637,2 m.kr. og hækkaði um 17,3% frá fyrra ári. Ársverk árið 2020 voru 41,2 skv. upplýsingum Fjársýslu ríkisins og fjölgaði um 5,1% frá fyrra ári. Launakostnaður á hvert ársverk hækkaði um 11,6%.

Í september 2020 var færður inn kostnaður vegna nýrra kjarasamninga lögreglumanna. Um var að ræða afturvirka hækkun frá apríl 2019.

Upplýsingar fengust um verklagsreglur varðandi laun og launavinnslu eins og fram kemur í kafla 6. Gerð var úrtakskönnun til staðfestingar á

launagreiðslum 14 starfsmanna. Voru ráðningasamningar, tímaskráningar og ýmsar aðrar upplýsingar bornar saman við launaseðla.

Niðurstaða úrtakskönnunar var sú að gögn til staðfestingar launagreiðslna s.s. ráðningasamningar, skipunarbréf eða setningarbréf þar sem það á við og aðrar staðfestingar eins og vinnutímaskráning reyndust vera til staðar. Lögreglumenn eru skipaðir í stöður og lögreglustjórar eru ráðherraskipaðir sbr. lög nr. 70/1996. Í þeim tilvikum eru ekki gerðir ráðningasamningar. Skýringar fengust á liðum sem spurt var um.

8.3 Önnur rekstrargjöld

Á árinu 2020 námu önnur rekstrargjöld 159,3 m.kr. sem var 13,1% lækkun frá árinu á undan sem má einkum skýra með því að leiga fyrir lögreglubifreiðar frá Ríkislögreglustjóra féll niður í ársbyrjun 2020 en á móti kom aukinn kostnaður við bifreiðarekstur og þar með talið gjaldfærðar afskriftir af bifreiðaeign.

Kostnaður vegna hlutdeildar í sameiginlegum kerfisrekstri Ríkislögreglustjóra nam 17,4 m.kr. Sundurliðað kostnaðaruppgjör fyrir grunnþjónustu fylgir með mánaðarlegum reikningum.

Eftirtaldir þrír kostnaðarliðir samtals að fjárhæð 14,7 m.kr. á árinu voru kannaðir: Keyptar máltíðir, vinnufatnaður, og annar búnaður fyrir starfsmenn.

Þar sem ekki er starfrækt mötuneyti hjá embætti lögreglustjórans eiga lögreglumenn rétt á fæðispeningum skv. kjarasamningum. Notað er

miðakerfi þar sem starfsmaður kaupir matarmiða og framvísar miðanum sem greiðslu á umsömdum matsölustöðum.

Þá eiga lögreglumenn rétt á öllum nauðsynlegum hlífðarfatnaði vegna starfsins þar með er talinn allur hlífðarútbúnaður sem krafist er samkvæmt öryggisreglum enda er lögreglumönnum skylt að nota hann. Sama gildir um allan einkennisklæðnað og annan persónubundinn öryggisbúnað þar sem þess er krafist.

Endurskoðun þessara liða var án athugasemda.

8.4 Niðurstöður

Að teknu tilliti til þess sem hér að framan hefur komið fram eru ekki gerðar athugasemdir við endurskoðun rekstrarliða

9 Endurskoðun efnahagsliða

Í árslok 2020 námu eignir 142,6 m.kr., skuldir námu 151,4 m.kr. og höfuðstóll var neikvæður um 8,8 m.kr.

9.1 Eignir

9.1.1 Fastafjármunir

Fastafjármunir námu 83,5 m.kr. í árslok 2020 samanborið við 51,1 m.kr. árið áður. Um er að ræða áhöld tæki, búnað og farartæki.

Könnun á eignaskrá leiddi í ljós að allar meginfjárhæðir voru afstemmdar við ársreikning og bókhald nema varðandi afskriftir ársins 2020 þar reyndist mismunur vera 751 þús. kr. Gera þarf úrbætur á textalýsingum í einstökum færslum eignaskrár. Setja þarf reglur um fjárhæðamörk lágmarksfjárhæðir fyrir eignaskráningu, skráningu og eftirlit. Heiti og auðkenni eigna eiga að koma fram. Fara þarf yfir skráningu eldri eigna og yfirfara þarf og afskrá eignir sem ekki eru í notkun.

Embætti lögreglustjórans yfirtók eignir frá Ríkislögreglustjóra að bókfærðu virði 35,2 m.kr í tengslum við það að bílamiðstöð Ríkislögreglustjóra var lögð niður. Um er að ræða fimm bifreiðar og búnað skv. bókhaldskerfi Orra. Sama er að segja um búnað sem var í bílunum. Bílarnir höfðu verið í leigu frá Ríkislögreglustjóra. Ekki voru gerðir skriflegir samningar um yfirfærsluna eða gengið frá öðrum skriflegum skjölum um það. Engar greiðslur áttu sér stað milli embættisins og Ríkislögreglustjóra.

Ákveðið var að flytja eignirnar frá Ríkislögreglustjóra á bókfærðu verði. Yfirtaka þessara eigna færast ekki meðal fjárfestinga í ársreikningi heldur sem flutningur eigna frá embætti Ríkislögreglustjóra.

9.1.2 Veltufjármunir

Veltufjármunir námu 59,1 m.kr. í árslok 2020 en að stærstum hluta er um að ræða kröfu á ríkissjóð.

Embættið er hvorki með bankareikninga né vörslureikninga og var það staðfest í svörum frá fjármálastofnunum þar sem sendar voru út beiðnir um bankastaðfestingar til fjármálastofnana.

Krafa á ríkissjóð vegna orlofsskuldbindingar var 49,9 m.kr. í árslok 2020. Krafan var færð í ársbyrjun 2017 og hefur ekkert breyst og var færslan gerð samkvæmt fyrirmælum Fjársýslu ríkisins.

Ein óinnheimt eldri viðskiptakrafa er frá árinu 2019 sem gera þarf upp

9.2 Eigið fé og skuldir

9.2.1 Eigið fé

Höfuðstóll var neikvæður um 8,8 m.kr. í árslok eins og áður kom fram sem er 1,2% af rekstrargjaldaframlagi ársins.

Staða fjárfestingarframlags í árslok 2020 var neikvætt um 1,2 m.kr.

9.2.2 Skuldir

Skuldir við lánardrottna námu 5,4 m.kr. í árslok sem var kannað án athugasemda.

Skuldbindingar vegna orlofs og annars frítökuréttar námu 63,7 m. kr. og frestun tekjufærslu vegna fjárfestinga nam 82,3 m.kr. í árslok.

9.3 Niðurstöður/ábendingar

Taka þarf eftirfarandi atriði til skoðunar:

Gera þarf nokkrar úrbætur á eignaskrá einkum varðandi textalýsingar, fjárhæðamörk eigna og skráningu.

10 Önnur atriði

10.1 Ársreikningur og staðfestingarbréf stjórnenda

Lögreglustjóri undirritaði ársreikning embættisins 23. ágúst 2021 jafnframt var staðfestingarbréf stjórnenda vegna ársreiknings undirritað sama dag.

10.2 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggja undirritaðar óhæðisyfirlýsingar þeirra starfsmanna Ríkisendurskoðunar sem sáu um endurskoðun embættisins.



Ríkisendurskoðun
Bríetartúni 7 – 105 Reykjavík
Sími 448 8800

postur@rikisendurskodun.is – www.rikisendurskodun.is